

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1385
komudagur 3.4.2014

miðvikudagur, 2. apríl 2014

Umsögn:

Þingskjal 837, 485.mál, Frumvarp til laga um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána

Bt:

Fulltrúar Efnahags- og viðskiptanefndar, ritarar nefndar og aðrir sem að umfjöllun frumvarps koma.

Umsagnaraðili:

Hjörleifur Arnar Waagfjörð (060978-4769), Harpa Torfadóttir (030579-4619)

Inngangur, almennt álit:

Beiðni um aðlögun 12. gr. fyrirbyggjandi frumvarps snýr að þeim hagsmunahóp sem tímabundið eru búsettir erlendis og með erlent lögheimili, eru ekki með fasteignalán en uppfylla að öðru leyti öll skilyrði skuldaleiðréttingar og fjögurra ára tímabil er of stutt til að umrædd grein nýtist þar sem tekjur þeirra eru meðan á erlendri búsetu stendur í gegnum skattkerfi búsetulands.

Í tilviki umsagnaraðila er um að ræða tímabundna erlenda búsetu vegna sérfræðináms í læknisfræði sem ekki er unnt að ljúka á Íslandi.

Umsagnaraðilar voru með verðtryggt húsnæðislán hjá Íbúðarlánasjóð 2007-2011 og voru með ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi á því tímabili. Umsagnaraðilar seldu húsnæði sitt þann 10. desember 2013, fluttu tímabundið sökum sérfræðináms erlendis sem fyrirséð er að geti tekið allt að 4-7 árum áður en flutt er til Íslands aftur. Á búsetu tímabili meðan á námi stendur eru tekjur umsagnaraðila í gegnum skattkerfi búsetulands.

Þrátt fyrir að uppfylla öll skilyrði 12. gr. um sérstakan persónuafslátt þá falla umsagnaraðilar utan leiðréttingarrámmans þar sem tímabundin erlend búseta í tengslum við sérfræðináms mun að öllum líkindum taka lengri tíma en 4 ár og á tímabilinu eru tekjur í gegnum skattkerfi í búsetulandi.

Meðfylgjandi er ein tillaga sem myndi lagfæra þetta óréttlæti en hægt er að hugsa sér aðrar útfærslur.

Breytingartillaga: Þingskjal 837, 485.mál, frumvarp til lag um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána, 12.gr. Sérstakur persónuafsláttur

Lagt er til að í stað núverandi texta:

Leiðréttingarfjárhæð sem ekki verður ráðstafað skv. 11. gr. myndar sérstakan persónuafslátt. Sérstakur persónuafsláttur kemur sem viðbót við almennan persónuafslátt við álagningu opinberra gjalda skv. 6. tölul. 1. mgr. 66. gr., sbr. A-lið 67. gr., laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þó þannig að hann skal deilast jafnt niður á fjögur ár án vísitöluhækkunar. Þegar sérstakur persónuafsláttur hefur verið nýttur á móti reiknuðum tekjuskatti, útsvari og fjármagnstekjuskatti skal sá hluti staðgreiðslu sem nemur eftirstöðvum sérstaka persónuafsláttarins

greiddur út án álags skv. 122. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og að teknu tilliti til ákvæða 112. gr. sömu laga. Sá hluti sérstaka persónuafsláttarins sem ónýttur kann að vera yfirfærast á milli ára þar til hann er fullnýttur eða ráðstöfunartímabilið útrunnið. Ónýttur sérstakur persónuafsláttur millifærast á milli hjóna og samskattaðs sambylisfólks við álagningu.

Komi (rauðmerkt):

Leiðréttingarfjárhæð sem ekki verður ráðstafað skv. 11. gr. myndar sérstakan persónuafslátt. Sérstakur persónuafsláttur kemur sem viðbót við almennan persónuafslátt við álagningu opinberra gjalda skv. 6. tölul. 1. mgr. 66. gr., sbr. A-lið 67. gr., laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þó þannig að hann skal deilast jafnt niður á fjögur ár án vísitöluhækkunar, **en þó er aðilum sem tímabundið hafa erlent lögheimili heimilt að sækja sérstaklega um framlengingu á tímabilinu til allt að 8 ára.** Þegar sérstakur persónuafsláttur hefur verið nýttur á móti reiknuðum tekjuskatti, útsvari og fjármagnstekjuskatti

skal sá hluti staðgreiðslu sem nemur eftirstöðvum sérstaka persónuafsláttarins greiddur út án álags skv. 122. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og að teknu tilliti til ákvæða 112. gr. sömu laga. Sá hluti sérstaka persónuafsláttarins sem ónýttur kann að vera yfirfærast á milli ára þar til hann er fullnýttur eða ráðstöfunartímabilið útrunnið. Ónýttur sérstakur persónuafsláttur millifærast á milli hjóna og samskattaðs sambylisfólks við álagningu.

Útfærsla:

Dæmi um útfærslu væri að á þar til gerðu umsóknarviðmóti/eyðublaði þar sem sótt væri um leiðréttingu gætu þeir aðilar sem tímabundið hefðu erlent lögheimili hakað við að þeir myndu óska eftir framlengingu á tímabili í 12.gr. til 8 ára.